

50
5. júlí

L Ö G

um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi,
18. febr. 1847.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. mgr. 10. gr. tilskipunar um fjárforráði ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847, skal úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 5. júlí 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

51
5. júlí

L Ö G

um bæjanöfn o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ekkert býli utan kaupstaða eða kauptúna má vera nafnlaust.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri.

3. gr.

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna, þeim, er talin eru í fasteignabók, má eigi breyta nema að fengnu leyfi ráðherra.